

L Ö G

4

1. apríl

um framlenging á gildi laga nr. 49, 7. apríl 1936, um frestun á framkvæmd 2. og 3. málsgreinar 62. gr. laga nr. 26, 1. febrúar 1936, um alþýðutryggingar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Gildi laga nr. 49, 7. apríl 1936, um frestun á framkvæmd 2. og 3. málsgreinar 62. gr. laga nr. 26, 1. febrúar 1936, um alþýðutryggingar, framlengist til 1. júlí 1938.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. apríl 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

5

14. apríl

um breyting á lögum nr. 99, 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

5. gr. laga nr. 99 3. maí 1935 orðist þannig:

Lán úr skuldaskilasjóði skulu veitt eigendum vélbáta ekki stærri en 60 smálestu, og skal lánunum varið til þess að ná samningum um nauðsynlegar eftirgjafir skulda og hagkvæmar breytingar á lánskjörum. Ennfremur má veita eigendum línuveiðagufuskipa lán í sama skyni, þó svo, að hin samanlagða lánsupphæð til eigenda línuveiðagufuskipa fari ekki fram úr 250000 krónum. Lánin skulu veitt með þeim skilyrðum og eftir þeim reglum, sem í lögum þessum greinir.